



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Hvammstanga, 15. janúar 2020

Sveitarfélagið Dalabyggð
Míðbraut 11
370 Búðardal.

Á 328. fundi Skipulags- og umhverfisráðs Húnathing vestra þann 7. janúar 2021, var m.a. tekið á dagskrá:

3. **Erindi 2011051.** Aðalskipulagsbreyting í Dalabyggð „Sólheimar, iðnaðarsvæði til vindorkunýtingar“. Kynning á stöðu málsins.

Skipulags- og umhverfisráð hefur fengið of stuttan tíma til að kynna sér málið og hefur ekki fengið þau gögn sem óskað var eftir frá Dalabyggð og nauðsynleg eru til að varpa betra ljósi á fyrirhugaðan vindmyllugarð. Ráðið telur sig því ekki hafa forsendur til að afgreiða umsögn um skipulagsbreytinguna innan tímamarka umsagnarfrestsins.

Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir að haldinn verði íbúafundur eða kynning þar sem farið verði yfir áform um vindmyllugarð á Laxárdalsheiði, við sveitarfélagamörk Húnathing vestra og Dalabyggðar, með sérstakri áherslu á áhrif í Húnathing vestra, s.s. ásýnd, náttúrufar og framtíðarhagsmuni sveitarfélagsins.

Á 335. fundi sveitarstjórnar Húnathing vestra þann 14. janúar 2021 var eftirfarandi bókað um 3. liður fundargerðar 328. fundar skipulags- og umhverfisráðs.

Sveitarstjórn tekur undir bókanir skipulags- og umhverfisráðs frá 7. desember 2020 og 7. janúar 2021 og óskar sem umsagnaradili eftir samráði og upplýsingagjöf í formi kynningarfundar og ítarlegri gagna frá Dalabyggð.

Ljóst er að áhrifa af fyrirhuguðum vindmyllugarði mun ekki síður gæta í Húnathing vestra en í Dalabyggð. Sveitarstjórn leggur áherslu á að í umhverfismatsáætlun verði sérstaklega gerð grein fyrir ásýnd og áhrifum í Húnathing vestra. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að leggja fram athugasemdir síðar í skipulagsferlinu eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,



Ólafur Jakobsson

 Byggingarfulltrúinn
í Húnathing vestra